

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Fáskrúðsfirði



Dags eftirlits	3.9.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Nesbala 122	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	520412-0930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ólöf Rún Stefánsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Útsetning í Höfðahúsabót árið 2024 fór fram áður en hvíldartíma var lokið og áður en botninn undir kvíunum hafði jafnað sig. 2) Útsetning á Fögrueyri hófst áður en hvíldartíma var lokið. Tvær ábendingar voru gerðar: 1) Vöktunaráætlun samþykkt af Umhverfisstofnun skal vera til staðar. 2) Bæta þarf við merkingum á tanki fyrir maurasýru í pramma á Höfðahúsabót. Engin eldri frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í Fáskrúðsfirði.

Fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í Fáskrúðsfirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 19. mars 2019, breytt þann 29. apríl 2021 og gildir til 19. mars 2035.

Starfsleyfið tekur til framleiðslu á 11.000 tonnum af frjóum laxi. Heimilt er að ala að hámarki 11.000 tonn á hverjum tíma í Fáskrúðsfirði.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Í febrúar 2024 lauk slátrun í Höfðahúsabót. Hvíldarsýnataka var gerð þann 4. maí og voru niðurstöður hennar að botninn undir kvíunum hafði ekki jafnað sig. Þrátt fyrir það og að hvíld Höfðahúsabótar á að vera níu til tólf mánuðir skv. starfsleyfi, hófst útsetning þann 18. maí og er það frávík frá starfsleyfi. Hvíldarsýnatakan var endurtekin þann 8. júní og sýndu niðurstöður hennar ekki fram á að botninn hefði enn jafnað sig.

Í mars 2024 lauk slátrun á Fögrueyri. Hvíldarsýnataka var gerð þann 8. júní og sýndu niðurstöður hennar að botninn væri í góðu ástandi og hefði jafnað sig. Hvíldartími svæðisins er skv. starfsleyfi níu til tólf mánuðir en þrátt fyrir það hófst útsetning á Fögrueyri þann 16. júlí sem er frávík frá starfsleyfi.

Undirbúningur fyrir útsetningu á Einstigi var í gangi þegar eftirlitið fór fram en gert er

ráð fyrir að fiskur verði settur út á svæðið í september. Einstigi hefur ekki verið notað áður svo ákvæði um hvíldartíma eiga ekki við þar.

2. Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti fyrir árið 2023 var skilað þann 26. apríl 2024.

Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 30. apríl 2024.

Útstreymisbókhaldi var ekki skilað sérstaklega en þær upplýsingar sem rekstraraðili þarf að skila, komu fram í grænu bókhaldi og teljast skilin því fullnægjandi.

Losun fosfórs má skv. starfsleyfi vera að hámarki 9,0 kg á hvert tonn af framleiddum fiski. Losunin árið 2023 var 7,9 kg/tonn.

Hámarkslífmassi árið 2023 var um 8.500 tonn og framleiðsla ársins var rúmlega 7.000 tonn, sem er í samræmi við starfsleyfi.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Engar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

4. Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti

Farið var yfir þær áætlanir rekstraraðila sem skulu vera til staðar. Flestar áætlanir eru til staðar og hafa verið endurskoðaðar nýlega. Vöktunaráætlun hefur þó ekki verið uppfærð og er rekstraraðila bent á að vöktunaráætlun samþykkt af eftirlitsaðila skal vera til staðar.

Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda og var skírteini því til staðfestingar sent eftirlitsaðila að eftirlitinu loknu.

5. Önnur mál

Þjálfunarskrá fyrir nýtt starfsfólk rekstraraðila var skoðuð og var fullnægjandi.

6. Skoðunarferð

Siglt var að kvíum á Höfðahúsabót þar sem eru nú sextán kvíar í notkun og Fögrueyri þar sem fiskur er í átta kvíum. Gert er ráð fyrir að fiskur verði settur út í sjö kvíar til viðbótar á Fögrueyri nú í haust. Prammar voru skoðaðir og er rekstraraðila bent á að bæta merkingar á tanki fyrir maurasýru á Höfðahúsabót. Í pramma á Fögrueyri hafði skömmu fyrir eftirlitið rofnað lögn sem tengist meltutanki og melta lekið út. Að öllum líkindum var um galla í búnaði að ræða og engin mengun varð af þessu óhappi. Því er hvorki skráð frávik né ábending vegna þess.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Ákvæði um hvíldartíma á Höfðahúsabót var ekki virt árið 2024. Slátrun á svæðinu lauk í febrúar 2024 og fiskur var settur í kvíar á svæðinu í lok maí sama ár, en krafa er um að svæðið sé hvílt í níu til tólf mánuði.

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Ákvæði um hvíldartíma á Fögrueyri var ekki virt árið 2024. Slátrun á svæðinu lauk í mars 2024 og fiskur var settur í kvíar á svæðinu í júlí sama ár, en krafa er um að svæðið

sé hvílt í níu til tólf mánuði.

ÁBENDINGAR

Vöktunaráætlun hefur ekki verið uppfærð. Rekstraraðila er bent á að uppfæra vöktunaráætlun sína og taka m.a. tillit til krafna sem gerðar eru til vöktunar á vatnshlotum sbr. stjórn vatnamála.

Bæta þarf merkingar á tanki fyrir maurasýru í pramma á Höfðahúsabót, en miðað við þær merkingar sem voru á tankinum þegar eftirlitið fór fram, er innihald hans ekki fyllilega ljóst frá öllum hliðum.


ANNAÐ

Rætt var í eftirlitinu að miðað við þann fjölda seiða sem er til staðar, og stendur til að setja út, í Fáskrúðsfirði má gera ráð fyrir að hámarkslífmassi í firðinum fari yfir heimiluð mörk skv. starfsleyfi árið 2025.

Reykjavík, 22.10.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Freyr Evarsson